

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 14. desember 2022
UST202212-054/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030 vegna jarðstrengs - tillaga að breytingu. Umsögn

Vísað er til erindis Norðurþings dags. 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.

Um er að ræða breytingu vegna lagningar jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu. Ráðgert er að leggja jarðstreng frá tengivirki við Þeistareyki að mastri nr. 172 í Kópaskerslínu. Fyrirhuguð strengleið liggur um Skildingahraun og er ráðgert að grafa og fleyga strenginn niður við gamla slóð sem áður var aðkoma að Þeistareykjum.

Varðandi jarðstrengi og loftlínu hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að reynt verði eins og kostur er að velja leiðir um svæði sem henta viðkomandi mannvirkjum og hafa sem minnst umhverfisáhrif í för með sér. Á því svæði sem hér um ræðir hefði loftlína verið betri kostur og að miklu leyti afturkræf ef stagfestur hefðu verið boraðar niður. Þegar jarðstrengur er lagður í skurð, eins og hér, verða áhrifin óafturkræf. Notast verður við núverandi slóð þannig að rask verður einungis sem nemur breidd skurðarins. Umhverfisstofnun spurðist fyrir hvort unnt væri að leggja línu frá tengivirki við Þeistareyki að heppilegri strengleið og sneiða hjá hrauni og var svar Landsnets að slíkt hefði ekki verið talið fýsilegt.

Umhverfisstofnun telur að þegar gamlar línur eru lagðar í jörð eigi að skoða vandlega hvort línuleiðin sé endilega heppileg leið fyrir jarðstreng en svo þarf alls ekki að vera eins og hér er raunin, þar sem um gjörólíkar framkvæmdir er að ræða.

Umhverfisstofnun er ljóst að núverandi háspennulína er óboðleg og umrædd framkvæmd nauðsynleg. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina en ítrekar að skoða eigi vandlega alla kosti þegar lagnaleiðir eru valdar og láta ekki eldri línur og slóðir ákvarða legu jarðstrengja því reynslan hefur sýnt að jarðstrengur plægður í laus jarðlög hefur í flestum tilfellum óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur